

HÚSÖNDIN

28. tbl. 3. árg.
12. ágúst 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 13. - 19. ÁGÚST

13.8. Jón Friðriksson
15.8. Aðalsteinn Dagsson, Davíð Björn Héðinsson
17.8. Arnar Halldórsson,

AÐALSAFNAÐARFUNDUR

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar verður haldinn í
Skútustaðakirkju
Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 20:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Hugsanleg kaup á hljóðkerfi fyrir kirkjuna
Önnur mál

Sóknarnefndin



FRAMSÆKINN SKIPULAGSFULLTRÚI

ÓSKAST

Skútustaðahreppur auglýsir 100% starf skipulagsfulltrúa laust til umsóknar. Skútustaðahreppur er í góðu samstarfi við Þingeyjarsveit í skipulags-, -byggingar- og nýsköpunarmálum og hafa sveitarfélögin sett sér að markmiði að vera í fararbroddi í loftslagsmálum. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi, þar sem hugmyndaauðgi og drifkraftur fá að njóta sín.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í samræmi við ákvæði skipulagslaga.
- Reynsla af verkefnastjórnun, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og þekking á opinberri stjórnarsýslu er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með starfi að skipulagsmálum og öðru því sem undir starfið heyrir samkvæmt starfslýsingu.
- Framkvæmd verkefna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hverju sinni.
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana, starfsáætlana og framkvæmdáætlana sem undir starfið heyra.
- Undirbúningur fyrir og umsjón með fundum skipulagsnefnda.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sviðið.
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélagsins og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Önnur verkefni sem undir starfið heyra hverju sinni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Margeirsson sveitarstjóri í síma 6806666.

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Við erum fjölskylduvænt, heilsueflandi samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Í Þingeyjarsveit búa um 900 manns og er samanlögð stærð beggja sveitarfélaga um 12 þúsund ferkílómetrar. Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

Margar hendur vinna létt verk og því biðlum við til allra íbúa sveitarinnar að fylgjast vel með nærumhverfi sínu.



Mikið hefur verið áunnist í sumar með hjálp ykkar og nú erum við að safna öllum upplýsingum um hverjir og hvar hefur verið eytt. Vinsamlegast sendið inn um lúpínu, kerfil, njóla og pistla eyðingu á Valerija.

netfang: valeerija.kishkurno@gmail.com

sími: 8634436

••••••••

**- Nefnd um ágengar plöntur
- Skútustaðahreppur**



Afmælis dagar í Húsöndinni

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Mig langar að halda áfram að birta nöfn þeirra sem eiga afmæli. Því miður hef ég ekki aðgang að nýrri íbúaskrá. Þær upplýsingar sem ég hef eru að verða 3 ára gamlar og þykir mér það mjög miður ef einhver hefur þess vegna ekki verið með í blaðinu og biðst ég afsökunar á því.

Ég vil því biðja alla nýja íbúa sem vilja (og foreldra þeirra) að senda mér línu á **husondin@gmail.com** með nafni og afmælisdegi.

Ég vil einnig biðja þá sem af einhverjum ástæðum vilja ekki vera með að senda mér póst um það.

Eins langar mig að biðja ykkur að segja nýjum íbúum frá þessari hefð hérna í sveitinni.

Frá og með 1. september kemur Húsöndin út á þriðjudögum. Þá verður skilafrestur auglýsinga til kl. 15 á mánudögum. Húsöndin mun berast í netpósti á mánudagskvöldum. Þeir sem ekki eru nú þegar komnir á póstlistann geta skráð sig á husondin@gmail.com. Getur verið góð lausn fyrir þá sem afþakka fjölpóst en vilja lesa Húsöndina. Þá má alltaf nálgast Húsöndina á:

www.gjallandi.is

Bestu kveðjur, Arnþrúður

